



Úthlutunarreglur styrkja bæjarráðs til menningar- og ferðamála

1. Tilgangur

Tilgangur styrkjanna er að efla menningar- og ferðamál innan Vesturbyggðar.

2. Umsækjendur

Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir.

3. Óstyrkhæf verkefni

Styrkir verða ekki veittir til eftirfarandi verkefna:

- a) Verkefna á vegum ríkis eða sveitarfélaga.
- b) Verkefna sem eru með fastan samning við Vesturbyggð.
- c) Náms, almenns reksturs eða viðhalds húsnæðis.

4. Heimildir bæjarráðs

Bæjarráð hefur heimild til að hafna styrkumsókn eða veita aðra styrkuppþæð en beðið er um.

5. Umsóknarferli

Umsóknum um styrki skal skilað inn á rafrænum eyðublöðum sem eru aðgengileg á íbúagátt Vesturbyggðar.

Í umsókn skal gera grein fyrir öðrum styrkjum sem sótt hefur verið um eða fyrirhugað er að sækja um vegna verkefnisins. Við mat umsókna er litið jákvæðum augum að verkefni hljóti styrki annars staðar frá.

6. Styrkhæfur kostnaður

Styrkir bæjarráðs til menningar- og ferðamála taka til fjármögnunar styrkhæfs kostnaðar í verkefninu. Eftirfarandi atriði eru til leiðbeiningar um hvað telst til styrkhæfs kostnaðar:

- a) Laun og vinnuframlag styrkþega og samstarfsaðila: Launakostnaður miðist við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum, að hámarki 5.000 kr./klst. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til útreiknings launa, nema í aðkeyptri þjónustu, sjá d) lið.
- b) Ferðakostnaður: Leitast skal við að velja hagkvæmasta ferðamátann hverju sinni.
- c) Aðföng: Gera skal grein fyrir þeim aðföngum sem þarf til verkefnisins, s.s. efni, áhöld og tæki. Heimilt er að kaupa sérhæfð tæki sem nauðsynleg eru fyrir framgang verkefnisins.
- d) Aðkeypt þjónusta: Gera þarf grein fyrir aðkeyptri þjónustu í umsókn.

7. Kynning á verkefni



Styrkþega ber, eftir því sem við á, að geta þess í kynningu á verkefninu að það sé styrkt af Vesturbyggð og hafa byggðarmerki sveitarfélagsins sýnilegt.

8. Matsþættir

Við mat á umsóknum er meðal annars tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Hvort verkefnið samræmist tilgangi styrkjanna sbr. 1. tl.
- Tengsla verkefnisins við Vesturbyggð, þar á meðal hvort verkefnið fari fram í sveitarfélaginu, auki sýnileika svæðisins út á við eða feli í sér þátttöku íbúa, listafólks eða fyrirtækja á svæðinu.
- Gæða verkefnisins og faglegs undirbúnings þess.
- Raunhæfi og trúverðugleika kostnaðaráætlunar.

9. Lokaskýrsla

Styrkþega ber að skila lokaskýrslu um verkefnið á rafrænu eyðublaði á íbúagátt Vesturbyggðar innan tveggja mánaða frá því að verkefni lauk. Í lokaskýrslu skal í stuttu máli greina frá framkvæmd verkefnisins, hvort markmiðum hafi verið náð og gera grein fyrir heildarkostnaði verkefnisins.

Skil lokaskýrslu eru skilyrði fyrir því að umsækjandi geti sótt um styrk á ný. Vesturbyggð áskilur sér rétt til að óska eftir endurgreiðslu styrks, að hluta til eða öllu leyti, fari verkefni ekki fram eða berist lokaskýrsla ekki innan tilskilins frests. Heimilt er að veita framlengingu á skilafresti lokaskýrsu óski styrkþegi eftir því og rökstyðji.

10. Fjárhæð styrkja

Heildarfjárhæð styrkja til menningar- og ferðamála er ákveðin í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar hverju sinni.

11. Úthlutanir

Styrkjum er úthlutað tvisvar á ári. Umsóknarfrestur fyrri úthlutunar er 1. apríl og umsóknarfrestur seinni úthlutunar er 1. október. Í fyrri úthlutun ársins er bæjarráði heimilt að úthluta allt að 80% af heildarfjárhæð styrkja. Í seinni úthlutun er heimilt að úthluta þeim fjármunum sem eftir standa.

Almennt er ekki veittur styrkur til verkefna sem þegar hafa farið fram við lok umsóknarfrests.

Auglýst skal eftir umsóknum á heimasíðu Vesturbyggðar, og á öðrum miðlum eftir atvikum, með að minnsta kosti sex vikna fyrirvara við fyrri úthlutun og að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara fyrir seinni úthlutun.

Samþykkt í bæjarráði 10. febrúar 2026